

## Fundargerð fræðsluráðs

159. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 1. apríl kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður.

**Fundarritari:** Esther Hermannsdóttir

### Dagskrá:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15 drög að skóladagatali kynnt.
2. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn kl. 15:20 tillögur varðandi húsnæðismál skólans kynntar.
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans boðaði forföll.
2. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans kynnti bréf um vinnu og skipulag húsnæðis tónlistarskólans sem hún og sviðsstjóri fjölskyldusviðs unnu. Fræðsluráð þakkar fyrir bréfið og þá vinnu sem að baki því liggur. Fræðsluráð styður þær breytingar sem lagaðar eru til í bréfinu á því kennslurými sem tónlistarskólinn hefur í grunnskólanum. Enda séu þær gerðar í samráði við skólastjóra grunnskólans og rúmist innan fjárheimilda. Fræðsluráð fagnar því gróskumikla starfi sem augsýnilega er innan tónlistarskólans og hversu vel hann er sóttur af grunnskólanemum sem og öðrum íbúum sveitarfélagsins. Elínborgu þökkun koma á fundinn.
3. Önnur mál. Formaður fræðsluráðs fór yfir þá vinnu sem hann hefur unnið vegna mögulegrar nafnbreytingar Grunnskóla Húnaþings vestra. Eftir nokkrar umræður um málið var eftirfarandi tillaga samþykkt: *Á sl. hausti kom til umræðu innan fræðsluráðs hvort finna ætti nýtt nafn á Grunnskóla Húnaþings vestra í tilefni þess að skólarnir á Hvammstanga og Laugarbakka hefðu sameinast á einum stað. Fræðsluráð fól skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra að kanna áhuga skólasamfélagsins á nafnbreytingu og voru undirtektir jákvæðar meðal nemenda og starfsmanna skólans sem og meðal foreldra grunnskólanema. Formaður fræðsluráðs hóf í framhaldi af því að kanna meðal annarra sveitarfélaga á landinu*

*þar sem nafnbreyting grunnskóla hefði farið fram hvernig staðið hefði verið að slíkri breytingu. Niðurstaðan var að á öllum stöðum er lýðræðið virkjað sem mest. Fræðsluráð gerir í framhaldi af því tillögu um eftirfarandi verktilhögun:*

- 1. Óskað eftir tillögum úr sveitarfélaginu.*
- 2. Fræðsluráð/dómnefnd stillir upp lista með nokkrum mögulegum nöfnum.*
- 3. Íbúar sveitafélagsins kjósa nafn af þeim lista sem fræðsluráð/dómnefnd hefur stillt upp.*
- 4. Það nafn sem fær flest atkvæði er framtíðarnafn Grunnskóla Húnaþings vestra.*

*Fræðsluráð gerir ráð fyrir að hvort tveggja – tillöguinnsendingin og kosningin – fari fram rafrænt. Kannað hefur verið með hvað slíkt myndi kosta hjá fyrirtækjum sem taka þess háttar verkefni að sér. Getur kostnaður numið allt að kr. 200 þús. Fræðsluráð mælir með því að farið verði í ofangreinda vinnu og sé það einnig vilji sveitastjórnar þá sé það hennar að ákveða hvort farið verði málið á næstu vikum með afgreiðslu aukafjárveitingar eða að málinu sé frestað fram yfir áramót og þar með til næsta fjárhagsárs.*

Nokkrir nefndarmenn í fræðsluráði ásamt sviðsstjóra fjölskyldusviðs fóru á námskeið fyrir skólanefndir sem haldið var á Blönduósi laugardaginn 28. mars sl. á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Námskeiðið var upplýsandi, áhugavert og lærdómsríkt. Fræðsluráð lýsir yfir ánægju sinni með að hafa fengið tækifæri til að fara á slíkt námskeið og tekur lærdóminn með sér inn í vinnu komandi missera.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 16:08

---

Magnús Magnússon

---

G. Kristín Ólafsdóttir

---

Valdimar Gunnlaugsson

---

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

---

Sigrún Waage

---

Esther Hermannsdóttir